



Í sam-
tím-
anum
virðist
allt vera í
boði og
það er
ekki
lengur
róttæk
ákvörð-
un að
nota
útsaum í
list.



Birkir Karlsson
er annar sýn-
ingarstjóranna.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Útsaumssprengja á Kjarvalsstöðum



Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrun
@frettabladid.is

Sýningin Spor og þræðir stendur yfir á Kjarvalsstöðum og stendur til 18. september. Sýningarstjórar eru Ingunn Fjöla Ingbórsdóttir og Birkir Karlsson.

„Þetta er sýning á verkum eftir myndlistarmenn sem búa á Íslandi og kjósa að nota útsaum sem aðferð í myndlist,“ segir Birkir. „Við Ingunn höfðum áhyggjur af því að ekki væri til nóg af verkum en þær áhyggjur voru ástæðulausar því útsaumur er í tísku. Við sjáum þetta í litlum galleríum, á útskriftarsýningum Listaháskólans og á nýjasta Feneyjartvíringnum en þar er allt fullt af útsaumi,“ segir Birkir.

Allt í boði

Hann segir að erfitt hafi verið að halda kynjahlutfalli. „Ég hef sem sýningarstjóri haft það að markmiði að jafna hlutfall kynja en í þessari sýningu er það mjög erfitt. Þannig að við völdum verk frekar en listamenn og lögðum okkur fram við að halda fjölbreytni í efnisvali.“

Spurður hver sé skýringin á vaxandi áhuga á útsaumi segir hann. „Í samtímanum virðist

allt vera í boði og það er ekki lengur róttæk ákvörðun að nota útsaum í list. Í Covid einangradist fólk en útsaum má stunda inni á heimilinu með sínum nánustu, eins og var í baðstofunni hér áður fyrr. Í því hraða samfélagi sem við búum í þá finnst nútímamanninn það jafnast á við íhugun að setjast niður við útsaum. Listamennirnir höfðu einmitt orð á þessu.“

Sjö saumgerðir

Listamennirnir vinna sumir með gamla arfleifð en aðrir feta sig áfram í tilraunastarfsemi. Birkir nefnir dæmi: „Kristín Gunnlaugsdóttir teiknar með nálinni og Kristinn G. Harðarson skrifar texta með henni og Erla Þórarinsdóttir saumar Faðir vorið í teppi úr Rauðakrossbúð.“

Loji Höskuldsson lærði af móður sinni sem er mikil handleikskona og notar alls kyns útsaum. Petra Hjartardóttir er jafnvel með sjö saumgerðir í einu verki en hún lærði af ömmu sinni sem er mikill útsaumssnillingur. Ég þurfti að fara í mikla rannsóknarvinnu til að finna út hvað öll þessi spor heita á ensku og fékk góða aðstoð frá útsaumskennara við Hússtjórnarskólann.“ ■



Sýningin ein-
kennist af
fjölbreyttu
efnisvali.

Listamennirnir

- Agnes Ársælsdóttir
- Anna Lindal
- Anna Andrea Winther
- Eirún Sigurðardóttir
- Erla Þórarinsdóttir
- Guðrún Bergsdóttir
- G.Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir
- Guðný Rósa Ingimarsdóttir
- James Merry
- Kristinn G. Harðarson
- Kristín Gunnlaugsdóttir
- Loji Höskuldsson
- Petra Hjartardóttir
- Rósa Sigrún Jónsdóttir